

Alþingi
Erindi nr. P 137/175
komudagur 12.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Austurstrætis 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál, og tillögu til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, 54. mál.

Samtök iðnaðarins fagna því að Alþingi og ríkisstjórn skuli loks hafa ákveðið að taka aðild Íslands að Evrópusambandinu á dagskrá. SI hafa allt frá því þau hófu starfsemi í byrjun árs 1994 látið sig þessi mál varða og hvatt til þess að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu. Áhugi þeirra á þessu mikilvæga máli er því ekki nýtilkominn. Fram hjá hinu verður hins vegar ekki litið að atburðir síðustu missera, núverandi staða efnahagsmála og framtíðarhorfur gera aðildarviðræður við Evrópusambandið brýnni og mikilvægari en nokkru sinni. Nú verður ekki unað við að beðið verði lengur með að taka af skarið - biðin og frestun á því að taka á málinu er orðin meiri en nóg. Tíminn skiptir máli.

Tillögurnar tvær

Utanríkismálanefnd óskar eftir því að umsögn þessi fjalli sameiginlega um þingsályktunartillögurnar tvær og er það skynsamlegt í ljósi þess að þær fjalla í aðalatriðum um sama efni. Mikilvægt er að ná sem víðtækastri samstöðu um þessi mál og því er æskilegast að nefndinni takist að sameina þær og gera að einni.

Grundvallarmunur - tíminn skiptir máli

Á tillögunum tveimur er þó grundvallarmunur sem verður að taka afstöðu til þegar í upphafi. Mál 38 gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið „... að leggja inn umsókn ...“ um aðild að Evrópusambandinu en mál 54 gerir ráð fyrir að fela utanríkismálanefnd Alþingis „... að undirbúa mögulega umsókn ...“ um aðild að Evrópusambandinu.

SI eru eindregið þeirrar skoðunar að taka eigi ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu og að umsóknin verði lögð inn strax í sumar. Sjálf umsóknin er ákaflega einfalt plagg, sbr. afrit af umsóknum Noregs og Svíþjóðar á sínum tíma:

Mr. President,

The Norwegian Government hereby has the honour to apply for membership of the European Communities and to inform you that Norway is prepared to enter into negotiations on the conditions for admission.

Yours sincerely,

Gro H. Brundtland

Gro Harlem Brundtland

Mr President,

On behalf of the Government of the Kingdom of Sweden I have the honour to announce that Sweden hereby applies for membership of the European Economic Community in accordance with Article 227 of the Treaty establishing the European Economic Community.

Please accept, Mr President, the assurances of my highest consideration.

Jagvar Carlsson

Jagvar Carlsson

Umsókninni þarf og á ekki að fylgja neitt annað. Rétt er einnig að benda á að samningaviðræður hefjast ekki þegar í stað heldur mun líða nokkur tími. Það er til dæmis útilokað að þær hefjist fyrir 1. september enda þótt umsókn yrði lögð inn fyrir 15. júlí. Hins vegar er auðvitað augljóst að viðræður tefjast í réttu hlutfalli við þann drátt sem verður á því að umsókn er lögð inn. Allur dráttur í þessum efnum tefur fyrir því að fullreynt verði hvort samningar takast um aðildina og síðan hvort íslenska þjóðin hafnar eða samþykkir þann samning. Hver sem niðurstaðan verður á endanum er fyrir allra hluta sakir farsælast að hún fái sem allra fyrst.

Hér skiptir einnig máli að Svíar verða í forsæti ESB síðari hluta þessa árs og líklegt er að núverandi stækkunarstjóri, Olli Rehn, láti af því embætti um áramótin. Í þessu máli eins og öðrum skipta tengsl, þekking á hagsmunum og velvilji máli - það má ekki vanmeta.

Undirbúningur og málsmeðferð

Því miður hafa stjórnvöld til margra ára ekki sinnt sem skyldi nauðsynlegri undirbúningsvinnu fyrir mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu s.s. að greina samningaferlið og undirbúa jarðveginn meðal aðildarþjóða ESB og útskýra hagsmuni og sérstöðu Íslands. Það gerir verkefnið framundan vandasamara og erfiðara en ella en þýðir alls ekki að þar með eigi að fresta verkefninu - það væri versta niðurstaðan.

Þrátt fyrir allt hefur verið unnið mikið starf á þessu sviði og þá ekki síst á vettvangi atvinnulífs og háskólasamfélags. Þá hafa stjórnmalaflokkarnir einnig unnið mikið starf að þessum málum og nægir að nefna það sem síðast var gert á vegum Evrópunefndar Sjálfstæðisflokksins. Þá má ekki gleyma Evrópuskýrslunni sem oft er kennd við Björn Bjarnason, fv. alþingismann og loks vinnu Evrópunefndar forsætisráðherra, auk fjölda rita og skýrslna.

Það liggur því í öllum aðalatriðum fyrir hvað felst í aðild og hvar áttakapunktur verða. Það á hins vegar án frekari tafa að hefja ítarlega greiningu á samningaferlinu, fara yfir hvern samningskafla fyrir sig og draga fram þann mun sem er á núverandi stöðu, m.a. vegna EES-samningsins og þess að vera aðili.

Brýnt er að setja án frekari tafa upp samráðsvettvang atvinnulífs og stjórnvalda um framgang viðræðna og einstök efnisatriði þar sem útlit er fyrir að áhrif kunni að verða neikvæð og hvernig skuli bregðast við í samningum og/eða með aðgerðum hér innanlands.

SI taka eftir því að í hvorugri þingsályktunartillögunni er minnst á hagsmuni iðnaðarins né annarra mikilvægra atvinnugreina s.s. ferðaþjónustu, þjónustu og verslun. Aðild að ESB snýst ekki bara um hagsmuni sjávarútvegs- og landbúnaðar eins og stundum mætti ætla. Það ætti að vera öllum ljóst að landbúnaður og sjávarútvegur munu ekki geta staðið undir því að skapa ný störf í tugþúsundatali á næstu árum né undir nauðsynlegri aukningu á verðmætasköpun í samfélaginu og síðast en ekki síst auknum útflutnings- og gjaldeyristekjum. Það fellur í hlut annarra atvinnugreina, ekki síst iðnaðarins. Þessar staðreyndir verður að hafa í huga í samningaferlinu og við mat á þýðingu aðildar að ESB.

Samtök iðnaðarins leggja því ríka áherslu á að þau verði höfð með í ráðum á öllum stigum þessa mikilvæga máls. Þess má geta að SI hafa hrundið af stað umfangsmiklu starfi innan sinnar vébanda um samningaferlið og hagsmuni iðnaðarins í einstökum atriðum og eru meira en reiðubúin til þess að leggja stjórnvöldum lið og/eða vinna með þeim að þessum verkefnum.

Viðhorf Samtaka iðnaðarins

SI hafa ítrekað fjallað um Evrópumál og æðsta valdastofnun þess ályktað margoft um þau. Hér skal látið nægja að vitna til hluta tveggja síðustu ályktana:

6. mars 2008

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl beitt sér fyrir faglegri og málefnalegri umræðu um Evrópumálin. Í ályktun Iðnþings fyrir ári var lögð áhersla á að Íslendingar kæmst að niðurstöðu varðandi afstöðu til Evrópusambandsins á þessu kjörtímabili. Staða efnahagsmála hefur leitt til þess að innganga í Evrópusambandið og upptaka evru eru til meiri og alvarlegri umræðu í íslensku atvinnulífi en áður hefur verið. Flestir eru nú sammála um að einhliða upptaka evru komi ekki til greina og því sé ekki um aðra kosti að ræða en að ganga í Evrópusambandið eða halda óbreyttu fyrirkomulagi.

Samtök iðnaðarins skora á ríkisstjórnina að taka aðild Íslands að ESB á dagskrá og fela hinni nýju Evrópunefnd sinni það hlutverk að móta samningsmarkmið, fara í saumana á samningaferlinu, færa rök fyrir þeim sjónarmiðum sem við þurfum að halda á lofti vegna sérstöðu okkar og hefjast þegar handa við að finna lausnir sem við getum unað við. Því betur undirbúin sem við göngum til þessa verks þeim mun betur mun okkur farnast.

5. mars 2009

Margt bendir til að íslenskt efnahagskerfi geti ekki staðið eitt og sér og stuðst við eigin gjaldmiðil ef Íslendingar ætla sér að vera í framvarðasveit þjóða í hagsæld og lífsgæðum. Til þess að svo megi verða þarf í senn að leysa þann bráðavanda sem að steðjar og marka stefnu til framtíðar. Mikilvægur og ómissandi þáttur er grundvallarbreyting í peningamálum og stjórn efnahagsmála. Þar er eina raunhæfa leiðin að ganga í ESB og taka upp evru. Stjórnvöld verða að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnunum.


Að beiðni Evrópunefndar Sjálfstæðisflokksins svöruðu SI nokkrum spurningum um Evrópumálin og sömuleiðis svöruðu SI spurningum Evrópunefndar forsætisráðherra um svipað efni. Þessi svör eru látin fylgja hér með utanríkismálanefnd til glöggvunar um helstu ástæður þess að SI telja aðild nauðsynlega. Einnig fylgja tvö vönduð rit sem tekin voru saman fyrir Iðnþing 2008 og 2009. Þá skal loks benda á myndband sem gert var fyrir SI fyrir Iðnþing 2008 og er að finna á slóðinni:

<http://www.si.is/malaflokkar/althjodlegt-samstarf/frettir-og-greinar-um-althjodamal/nr/3525>

Samtök iðnaðarins ítreka þá skoðun sína að það á að taka af skarið og taka ákvörðun um að sækja um aðild að ESB. Umsókn á að senda inn sem allra fyrst. Strax á að hefja markvissan undirbúning viðræðna og greiningu þeirra atriða þar sem fyrirséð er að bregðast þarf við. Samtímis á að ákveða og tímasetja nauðsynlegar breytingar á lögum og stjórnarskrá sem tryggja málsmeðferð þegar samningsniðurstaða liggur fyrir og stöðu aðildar Íslands í ESB gagnvart stjórnarskrá okkar.

Að lokum minna Samtök iðnaðarins á að þau vilja og ætlast til að vera höfð með í ráðum í vinnu stjórnvalda í þessu mikilvæga hagsmunamáli iðnaðarins til langrar framtíðar.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Mótum eigin framtíð - Ísland og Evrópa (rit SI, mars 2008)
Mótum eigin framtíð - Vöxtur og verðmæti (rit SI, mars 2009)
Svar SI við spurningum Evrópunefndar Sjálfstæðisflokksins, í desember 2008
Svar SI við spurningum Nefndar um þróun Evrópumála, 18. febrúar 2009



Nefnd um þróun Evrópumála
Sturla Sigurjónsson
Forsætisráðuneytið
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2009

Efni: Mat á hagsmunum við aðild Íslands að Evrópusambandinu

Vísað er til bréfs nefndarinnar frá 3. febrúar 2009 þar sem fjórum spurningum er beint til Samtaka iðnaðarins og fara svör við þeim hér á eftir. Þar er stiklað á stóru og reynt að halda sig við aðalatriði máls til þess að gefa sem gleggsta mynd.

Almennt

Samtök iðnaðarins eru samtök u.þ.b ellefu hundruð fyrirtækja af ólíku tagi. Þau spanna allt frá einstaklingsfyrirtækjum til nokkurra af stærstu fyrirtækjum landsins. Þau selja vörur sínar og þjónustu sum hver einungis á heimamarkaði en önnur nánast eingöngu á erlendum mörkuðum. Viðfangsefni þeirra eru að sama skapi fjölbreytt: álframleiðsla, hugbúnaðargerð, matvælaframleiðsla, mannvirkjagerð, málmsmíði, framleiðsla véla- og tækja, lyfjagerð, stoðtækjaframleiðsla, líftækni o.s. frv.

Þessi fjölbreytni er dregin fram til þess að vekja athygli á margbreytileika iðnaðarins og að hagsmunir og starfsskilyrði, s.s. lagarammi er að sama skapi mismunandi. Þess vegna er erfitt að gefa tæmandi svör þannig að öllu sé haldið til haga fyrir alla hagsmuni.

1 Hvaða áhrif teljið þið að ESB aðild myndi hafa á viðeigandi hagsmuni eða verksvið?

Eftir því sem best verður séð hafa nánast allar efnisreglur er varða umsvif félagsmanna SI, framleiðslu, markaðsfærslu innan ESB, yrði Ísland aðili, þegar tekið gildi með EES-samningnum, sbr. það sem segir hér síðar.

Það þýðir hins vegar ekki að aðild að ESB hafi hverfandi áhrif á iðnaðinn. Þvert á móti myndi aðild hafa mikil áhrif. Þau áhrif stafa fyrst og fremst af þeim miklu breytingum sem yrðu á efnahagslegri umgjörð iðnaðarins (og alls hagkerfisins). Þar er vísað til þátttöku í efnahags- og myntbandalaginu og upptöku evru. Flest bendir til að það myndi auka stöðugleika og lækka vexti. Það lækkar fjármagns- og framleiðslukostnað. Það er forsenda þess að byggja upp öflugt atvinnulíf sem aflar þjóðarbúinu tekna til þess að rísa undir skuldum, útgjöldum hins opinbera og viðunandi lífskjörum almennings. Þá er ekki síður mikilvægt að byggja upp traust innanlands og utan á íslensku efnahags- og atvinnulífi.

Þá má almennt ætla að möguleikar Íslendinga til þess að hafa áhrif á regluverk það sem snertir iðnaðinn beint og óbeint yrðu meiri með aðild og þar með fullum aðgangi að öllu stefnumótunar og lagasetningarferlinu í stað þess að vera meira og minna óvirkir viðtakendur eins og nú er innan EES-samstarfsins. Í þessu samhengi má ekki



gleyma því að mörg okkar iðnfyrirtæki eru í fararbroddi á sínu sviði í heiminum og hafa því ríka hagsmuni.

Bein áhrif á regluverk sem tengist iðnaði (félagsmönnum SI) sýnast takmörkuð. Leiðir það af því að regluverk ESB tekur þegar til hans með EES samningnum. Ef litið er til þeirra þátta sem breytast í regluverkinu sjálfu við það að fara úr EES-samningi til fullrar aðildar er gott að átta sig á hvernig samningum um aðild að ESB er skipt upp í svokallaða samningskafla. Þeir eru 34:

- | | |
|------------------------------------------|----------------------------------------------------|
| 1. Frjálst vöruflæði | 19. Menntun og menning |
| 2. Frjáls för vinnuafis | 20. Umhverfismál |
| 3. Stofnsetningarréttur | 21. Neytenda- og heilsuvernd |
| 4. Frelsi tii þjónustuviðskipta | 22. Evrópskt samgöngunet |
| 5. Frjáls flutningur fjármagns | 23. Byggðamáli |
| 6. Opinber innkaup | 24. Stofnanir |
| 7. Félagaréttur | 25. Dóms- og innanríkismál |
| 8. Hugverkaréttur | 26. Réttarvarsla og grundvallarmannréttindi |
| 9. Samkeppnismál | 27. Utanríkis-, öryggis- og varnarmál |
| 10. Fjármálaþjónusta | 28. Tollabandalag |
| 11. Uppiýsingatækni og fjölmiðlun | 29. Framiagamái |
| 12. Matvæia- og heilbrigðismál | 30. Fjárhagslegt eftirlit |
| 13. Samgöngumál | 31. Utanríkistengsl |
| 14. Orkumál | 32. Skattamál |
| 15. Hagtölur | 33. Gjaldmiðilssamstarf |
| 16. Féiags- og vinnumarkaðsmál | 34. Fiskveiðar |
| 17. Atvinnustefna | 35. Landbúnaðarmál |
| 18. Vísindi og rannsóknir | |

Segja má að fyrstu 22 kaflarnir séu að fullu hluti af EES-samningnum og þar verði því litlar sem engar breytingar. Það er að segja beinar efnisreglur. Hins vegar er rétt að benda á að í vaxandi mæli er beitt stefnumörkun á ákveðnum sviðum sem byggir á „soft law“ sem eru þá áætlanir og aðgerðir, t.d. fjárhagslegar, til þess að ná settum markmiðum fremur en ákvæðum reglugerða eða tilskipana sem falla undir EES. Skýrt dæmi um þetta er svokölluð Lissabon-áætlun um samkeppnishæfni. Það væri án efa til bóta fyrir iðnaðinn að geta staðið jafnfætis öðrum iðnaði innan ESB að þessu leyti.

Af þeim köflum sem eftir standa má ætla að kaflar 23., 28., 32., 33., 34. og 35. geti haft bein áhrif á iðnaðinn að einhverju marki. Án nokkurs vafa er kafli 33. sem þar skiptir iðnaðinn mestu máli.

Kafli 28. fjallar um tollamál. Eins og kunnugt er ESB tollabandalag. Þetta þýðir að fullkomið tollfrelsi verður í viðskiptum Íslands og ESB (tollar eru enn fyrst og fremst á afurðum landbúnaðar og sjávarútvegs) en Ísland tekur upp tolla ESB gagnvart viðskiptum við ríki utan ESB. Þar með þyrfti ekki lengur að tollafgreiða vörur í viðskiptum við önnur ESB ríki. Það myndi greiða fyrir viðskiptum. Einhverjar breytingar kunna að verða á tollum aðfanga til iðnaðar við þetta. Þarna gætu breytingar komið sér vel fyrir suma en verr fyrir aðra. Hins er að gæta að tollar hafa varið mjög lækkandi á undanförunum árum og fjöldi fríverslunarsamninga er í gildi.

Tollabandalagið felur enn fremur í sér að þeir fríverslunarsamningar sem Ísland á aðild að falla niður en fær í staðinn aðgang að fríverslunarsamningum ESB við 3ju



ríki sem er viðtækara en hið íslenska. Ekki hefur verið gerð úttekt á áhrifum þessa svo vitað sé en ætla má að viðskipti yrðu greiðari.

Skattasamvinna innan ESB lýtur fyrst og fremst að virðisaukaskatti, hámarki og lágmarki skattþrepa og skattagrunni. Ekki verður séð að það leiði til neinna efnislegra breytinga hér fyrir iðnaðinn. Hins vegar breytist fyrirkomulag innheimtu og álagningar þar sem ESB er landamæralaust í skilningi vöru- og þjónustuviðskipta.

2 Hvaða hluti laga og reglna ESB hefðu jákvæð/neikvæð áhrif?

Eins og fram koma hér á undan hafa flestar efnisreglur er varða framleiðslu og viðskipti þegar tekið gildi. Breytingar á tollskrá kunna að hafa áhrif sem geta ýmist verið jákvæð eða neikvæð.

Innan vébanda SI eru úrvinnslustöðvar og fyrirtæki sem vinna vörur úr landbúnaðarhráefnum. Með aðild mun starfsaðstaða þeirra breytast þar sem viðskipti með landbúnaðarafurðir og hráefni verður gefin frjálts að því marki sem heilbrigðissjónarmið standa ekki gegn því. T.d. má ætla að ekki verði leyfður flutningur lifandi sláturdýra til Íslands. Líklegt er að samkeppni harðni við opnun markaða en jafnframt opnast tækifæri til útflutnings. Niðurstaðan hér ræðst nokkuð af því hvernig farið verður almennt með landbúnaðarmál í aðildarsamningi.

Enda þótt fiskvinnslufyrirtæki eigi ekki aðild að SI er rétt að benda á að möguleikar til fullvinnslu sjávarafurða munu aukast við aðild þar sem tollar af fullunnum sjávarafurðum munu falla niður.

3 Hefur verið tekin afstaða til aðildar Íslands að Evrópusambandinu? Ef svo er, hver er hún?

Samtök iðnaðarins hafa um langa hríð talað fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu. Árið 2002 voru tekin af öll tvímæli um afstöðu SI í Evrópumálum á Iðnþingi, sem er æðsta vald í málefnum SI. Þar sagði:

Samtök iðnaðarins hafa mótað sér þá stefnu að rétt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Rökin eru fyrst og fremst efnahagsleg og lúta að starfsskilyrðum fyrirtækja á Íslandi og lífskjörum almennings. Önnur mikilvæg rök varða fullveldi landsins og þátttöku við mótun og töku ákvarðana sem snerta hagsmuni og framtíð þjóðarinnar á flestum sviðum.

Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfsumhverfi er nauðsynlegur þróttmiklu atvinnulífi og skilyrði þess að erlendir fjárfestar vilji festa fé sitt á Íslandi. Það verður sífellt ljósara að íslenska krónan er íslensku efnahagslífi of dýrkeypt vegna hárra vaxta, óöryggis sem henni fylgir og neikvæðum áhrifum á erlendar fjárfestingar. Það er áhyggjuefni að við munum ekki njóta þess gengisstöðugleika og lægri vaxta sem keppinautar okkar innan ESB búa nú þegar við.

Samtök iðnaðarins hafa lagt sig fram um að kynna sér kosti og galla aðildar að ESB og tekið virkan þátt í evrópsku samstarfi um áratuga skeið. Þau hafa beitt sér fyrir umræðu og miðlun upplýsinga um þetta efni. Þau hafa einnig látið kanna með reglubundnum hætti viðhorf og vilja félagsmanna sinna og þjóðarinnar í þessum efnum.

Niðurstöður allra þessara kannana sýna að ótvíræður vilji félagsmanna Samtaka iðnaðarins og kjósenda er sá að teknar verði upp viðræður við ESB um aðild, að taka eigi upp evru og að aðild hafi jákvæð áhrif á efnahag Íslands.

Það er því ekki eftir neinu að bíða í þessum efnum.




Þessi afstaða Samtaka iðnaðarins hefur því legið fyrir um langt árabíll. Helstu rökin hafa alla tíð verið þau sömu: aðíld skapar forsendur fyrir efnahagslegum stöðugleika og þar ásættanlegum starfsskilyrðum til skamms og langs tíma.

Þessi skoðun hefur ekki breyst á líðnum árum. Skiptir þá ekki máli hvort íslenska efnahagskerfið hefur verið í upp- eða niðursveiflu.

Til viðbótar hafa rök um endurreisn trausts innanlands og utan bæst við og þar með möguleikar íslensks efnahags- og atvinnulífs til þess að geta byggt upp heilbrígt atvinnulíf sem getur starfað á svipuðum samkeppnisgrundvelli og atvinnulíf annarra ríkja sem við viljum bera okkur saman við og eigum í harðri samkeppni við á hverjum degi. Ákvörðun um að sækja um aðíld og stefna að upptöku evru munu án vafa senda jákvæð skilaboð til umheimsins og auka trú hans á því að Íslandi takist að vinna sig út úr þeim vanda sem það á við að etja.

Samkvæmt ofanrituðu liggur fyrir að Samtök iðnaðarins telja rétt að sækja um aðíld að Evrópusambandinu og taka upp evru. Eins og árið 2002 telja SI ekki eftir neinu að bíða í þelm efnun. Reyntan sýnir að blöð í þessum efnun er til tjóns.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
frankvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Svör send Evrópunefnd Sjálfstæðisflokksins í lok síðasta árs (tvö skjöl).

**Hvað breytist í umhverfi greinarinnar ef annar gjaldmiðili er einhliða tekin upp?
Hverjir eru kostir þess fyrir greinina ef annar gjaldmiðill er tekinn upp?
Hverjir eru gallar þess fyrir greinina ef annar gjaldmiðill er tekinn upp?
Hvert yrði þjóðhagslegt framlag greinarinnar ef nýr gjaldmiðill yrði tekinn upp?**

Samtök iðnaðarins telja óraunsætt að taka einhliða upp annan gjaldmiðil. Í því felist miklir gallar og áhætta sem stefni hagsmunum þjóðarinnar í hættu til lengri tíma litið og þar með iðnaðarins og alls atvinnulífsins. Þess vegna er eitt svar við þessum fjórum spurningum.

Samtök iðnaðarins telja að einhliða upptaka evru sé verri og áhættusamari kostur en að ganga í ESB og taka upp evru með réttum hætti sem fullgildur aðili að ESB með stuðningi þess og því gangverki sem um evruna og myntbandalagið gilda.

Samtök iðnaðarins telja að þyngst vegi að með einhliða upptöku evru fengist ekki sá aðlögunartími og stuðningur sem aðild að ESB og upptaka evru í kjölfarið hefur í för með sér. Ísland yrði ekki þátttakandi í stöðugleikasáttmálanum og myndi ekki búa við stuðning Evrópska seðlabankans. ERM II kerfið, sem er undanfari aðildar að myntbandalaginu, er hannað til að stuðla að því að hagkerfi sem hyggst taka upp evru aðlagist smá saman að hagkerfi myntbandalags annarra evruríkja. Því er ætlað að stefna saman verðlagi, vöxtum og skiptigengi sem nota á við gjaldmiðilsskiptin.

Samtök iðnaðarins telja fulla ástæðu til að óttast að einhliða upptaka evru geti valdið áhlaupi á íslenska banka, m.a. af hálfu íslenskra sparifjáreigenda. Framboð peninga verður að ytri stærð í hagkerfinu og veltur á aðgengi ríkisins að erlendu lánsfé. Sú ráðstöfun, að setja í umferð erlent grunnfé þannig að íslenskar innistæður standi í evrum, fjölgar ekki þeim evrum sem raunverulega eru til staðar í landinu. Einhliða upptaka evru myndi valda því að gjaldeyrisvaraförðinn yrði ekki lengur til hliðar við fjármálakerfið og til að styðja við greiðsluhæfi krónunnar, sem við þurfum á að halda a.m.k. til skamms tíma. Ef almenningur myndi af einhverjum ástæðum missa traust á þessu fyrirkomulagi gæti Seðlabankinn ekki verið lánveitandi til þrautavara. Ennfremur er rétt að minna á að með einhliða upptöku evru myndu íslensk stjórnvöld missa myntsláttuhagnað en með aðild að myntbandalagi fengju þau hlut í slíkum hagnaði.

Samtök iðnaðarins benda á að með einhliða upptöku evru mun efnahagsstjórnin ekki búa við þann aga sem felst í því að halda efnahagsmálum innan ramma Maastricht-skilyrðanna. Miklu meiri hættu er á slaka í hagstjórn án aðildar og að ekki verði borið traust til efnahagsstjórnar á Íslandi ef hún er ekki sett undir leikreglur evrunnar. Land sem tekur einhliða upp aðra mynt getur líka einhliða lagt hana niður og tekið upp nýja. Í ljósi forsögunnar kynnu viðskiptalönd okkar að óttast slíka ráðstöfun – Ísland yrði tækifærissinni í peningamálum.

Fyrir liggur að lönd sem taka einhliða upp aðra mynt búa við vaxtaálag. Ekki er því ástæða til að ætla annað en að alltaf yrði hærra vaxtastig hér á landi en í öðrum evrulöndum þótt við værum með evru.

Samtök iðnaðarins benda á að einhliða upptaka evru á sama tíma og unnið er með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að því að styrkja krónuna, a.m.k. þar til önnur leið verður valin í gjaldmiðilsmálum, yrði ekki til þess fallin að auka traust á Íslendingum, traust sem sárlega vantar. Traust kynni hins vegar að aukast ef Íslendingar lýstu því yfir að þeir ætluðu sér á næstu mánuðum að sækja um aðild að ESB og taka upp evru í fyllingu tímans að því gefnu að samningar um aðild tækjust og yrðu staðfestir í þjóðaratkvæðagreiðslu.


Samtök iðnaðarins hafa lengi bent á að krónan og peningamálastjórnin hafa skaðað íslenskt atvinnulíf og íslenskan efnahag. Hávaxtastefna ýtti mjög undir ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sem brast með látum þegar bankarnir féllu. Krónan verður því að víkja en Samtök iðnaðarins telja óskynsamlegt að velja ekki besta kostinn sem í boði er. Ástæðulaust er að velta vöngum frekar yfir leið sem leiðir til verri niðurstöðu og er áhættusamari en að ganga í ESB og taka upp evru.

Samtök iðnaðarins telja enga ástæðu til þess að velja fyrir sér upptöku evru (eða annarra mynta) með einhliða hætti fyrir en fullreynt er að samningar nást ekki um aðild að ESB eða þjóðin hafnar aðildarsamningi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef hafist er handa þegar í stað má ætía að samningaviðræðum og þjóðaratkvæðagreiðslu gæti lokið innan 18 mánaða.

Hvað breytist í umhverfi greinarinnar ef Ísland gengur í ESB og Evran er tekin upp?

Rétt er í upphafi að gera grein fyrir því að iðnaðurinn er fjarri því að vera einsleit grein. Gildir þá einu hvort litlið er til stærðar fyrirtækjanna, viðfangsefna, framleiðslu og þjónustu, hvort markaður er innanlands eða utan, hvort þau séu háð innfluttum hráefnum, njóti fjariægðarverndar eða eru berskjölduð fyrir samkeppni o.s.frv. Áhrif þess að ganga í ESB og taka upp evru eru því mismunandi.


Í mars 2007 var gerð könnun meðal aðildarfyrirtæka Samtaka iðnaðarins og spurt:



Telur þú að aðild að Evrópusambandinu yrði hagstæð eða óhagstæð fyrir fyrirtækið þitt?

Eins og sjá má eru helmingi fleiri sem telja áhrifin verða hagstæð eða 43% á móti 19% sem telja þau óhagstæð. Um 38% telja hins vegar að áhrifin verði hvorki hagstæð né óhagstæð. Rétt er að hafa í huga að þegar þessi könnun var gerð var gengisvísitalan rúmlega 120 og stýrivextir Seðlabankans 14,25%.

Í sömu könnun var einnig spurt:



Telur þú að það sé gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands í heild að ganga í Evrópusambandið?

Hér má sjá að 55% félagsmanna Samtaka iðnaðarins telja aðild að ESB góða fyrir efnahag Íslands í heild en 31% slæma. Um 14% hvorki góða né slæma.


Af svörum við þessum tveimur spurningum má ráða að það er afdráttarlaus meirihluti fyrirtækjanna sem telur betra að vera í ESB en utan, hvort sem litið er til eigin hags eða þjóðarhags. Reyndar er athyglisvert að sjá að þegar spurt er um þjóðarhag fækkar þeim mjög mikið sem telja að aðild hafi hvorki góð né slæm áhrif.

Það sem breytist í umhverfi fyrirtækjanna við það að ganga í ESB og taka upp evru er fyrst og fremst að stærstur hluti gengisáhættu verður úr sögunni, a.m.k. að því marki sem viðskipti eru við evruland eða unnt er að eiga viðskipti í evrum. Þetta þýðir aukinn stöðugleika í verði hráefna og annarra aðfanga auk þess sem tekjur fyrir útflutning verða stöðugri, þ.e. gengisáhætta vegna innlands kostnaðar hverfur. Með þessu hverfur verulega stór óvissuþáttur úr rekstri fyrirtækja.



Sveiflur í verði evru frá 1. janúar 2000 til 31. janúar 2007
Hæsta verð 150 kr. en lægsta verð 100 kr.

Þegar Ísland verður aðili að ESB og hefur tekið upp evru verður vaxtastig ákvarðað með stýrivöxtum Seðlabanka Evrópu. Sú gagnrýni að Ísland geti ekki búið við vaxtastig Seðlabanka Evrópu vegna þess að hagsveiflur hér séu ekki samhverfar við hagsveiflu evrusvæðisins á sér ekki lengur stoð. Aðild að ESB og upptaka evru leiðir ein og sér til aukinnar samþættingar á hagkerfunum. Sú fjármálakreppa sem nú ríður yfir hinn vestræna heim sýnir líka glögglega að íslenska hagkerfið deilir örlögum með nágrönnum sínum.



Myndritið hér að framan sýnir stýrivexti frá 2001 til september 2007. Íslenskir vextir eru langt yfir evruvöxtum og nú í desember 2008 eru íslenskir stýrivextir 18% en stýrivextir Seðlabanka Evrópu eru 2,5%. Þó nú séu aðstæður allsérstæðar hefur vaxtamunur milli Íslands og evrulanda verið óþolandi mikill og myllusteinn um háls atvinnurekstrar á Íslandi.

Íslenskur iðnaður hefur um árabil liðið fyrir miklar sveiflur í gengi krónunnar og háa vexti. Sveiflur gengisins og vaxtastig hefur verið langt umfram það sem erlendir keppinautar iðnaðarins hafa búið við. Verðbólga er hér meiri en annars staðar og laun hafa hækkað mun meira en í samkeppnislöndum án þess þó að það hafi skilað auknum kaupmætti. Hægt og bítandi hefur grafið undan samkeppnishæfni iðnaðarins.

Til framtíðar munu lífsskjör þjóðarinnar ráðast af getu okkar til að framleiða og selja vörur og þjónustu, einkum til útflutnings. Án stöðugleika í gengi gjaldmiðils og samkeppnishæfs vaxtastigs mun ekki takast að byggja upp trausta atvinnustarfssemi í kjölfar hruns bankanna. Þetta gildir um allan iðnað en sérstaklega má nefna að nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eiga erfitt uppdráttar við svona aðstæður. Við verðum fyrir óbætanlegu og ómælanlegu tjóni í glötuðum tækifærum og uppbyggingu sem við eðlileg starfsskilyrði hefðu getað blómstrað.

Samtök iðnaðarins telja mikilvægast fyrir iðnaðinn að með aðild að ESB og upptöku evru skapast skilyrði fyrir bráðnauðsynlegan stöðugleika sem ekki er unnt að skapa með því að standa utan ESB og evru. Stöðugleiki er frumforsenda þess að okkur takist að byggja hér upp tæknivæddan hátækniiðnað sem byggir í ríkum mæli á mannauði og getur sótt fram á erlenda markaði og aflagð okkur nauðsynlegs gjaldeyris. Sama gildir um iðnað sem að mestu eða eingöngu þjónar heimamarkaði. Hann verður betur í stakk búinn til þess að takast á við samkeppni.

Aðrar beinar breytingar á starfsumhverfi iðnaðarins verða óverulegar þar sem reglur EES-samningsins tekur til flestra þátta er varða framleiðslu og markaðssetningu.

Hverjir eru kostir þess fyrir greinina ef Ísland gengur í ESB og Evran er tekln upp?

Að langstærstu leyti býr iðnaðurinn við sama laga- og reglugerðarramma og keppinautar innan ESB. Stærsti munurinn er rakinn í svarinu hér að framan. Höfuðkosturinn við aðild fyrir iðnaðinn, sem og allt annað atvinnulíf og heimilin í landinu, er að með aðild og evru verða skapaðar forsendur fyrir stöðugleika, skaplegu vaxtastigi og gengissveiflur gagnvart mikilvægustu viðskiptalöndum okkar verða úr sögunni og mun minni gagnvart öðrum mynsvæðum. Þar með geta stjórnendur einbeitt sér að rekstri fyrirtæki sinna, framleiðslunni, vöruþróun, markaðssetningu og nýsköpun. Þá munu þeir geta sýnt færni

sína í raunverulegum rekstri í stað þess að sveiflur í gengi, sviptingar í vöxtum og verðbólguþá skipti sköpum um hvort reksturinn skilar tapi eða hagnaði.

Iðnaðurinn og atvinnulífið hefur mjög takmörkuð tækifæri til þess að hafa áhrif á mótun þeirra reglna sem honum er gert að starfa eftir. Í sumum tilvikum eru aðstæður hérlendis með þeim hætti að til bóta væri að haga einstökum atriðum öðruvísi en gert er ráð fyrir í reglum ESB, t.d. vegna veðurfars og samgangna. Með aðild að Evrópuþinginu fyrir stjórnmalamenn og Efnahags- og félagsmálanefndinni fyrir aðila vinnumarkaðarins má ætla að unnt verði að vekja athygli á málum af þessu tagi og færa til betri vegar.

Það hefur oftast en ekki komið í ljós að verulegur brestur er á því að Íslendingar þekki tilurð, forsögu og þar með túlkunarmöguleika ESB-löggjafarinnar og það þess vegna leitt til innleiðingar sem er mun strangari en efni standa til og í sumum tilfellum óþörf. Má þar nefna reglur um rekstrarleyfi í vöruflutningum og aksturs- og hvíldartíma.

Hverjir eru gallar þess fyrir greinina ef Ísland gengur í ESB og Evran er tekin upp?

Samtök iðnaðarins sjá ekki nema óverulega galla við aðild að ESB og upptöku evru fyrir iðnaðinn. Samtök iðnaðarins standa vörð um hagsmunum um 1.100 fyrirtækja af ótal stærðum og gerðum sem á köflum hafa ólíka hagsmunum. Öll fyrirtæki í iðnaði munu hins vegar njóta góðs af stöðugu gengi, lægri vöxtum og minni verðbólgu.

Eina greinin sem myndi trúlega verða fyrir auknum samkeppnisþrýstingi við aðild er úrvinnsluiðnaður landbúnaðarafurða. Samtök iðnaðarins hafa alltaf lagt áherslu á að þegar viðskiptaumhverfi er breytt sé nauðsynlegt að veita hæfilegan aðlögunartíma. Það er einnig áhorfsmál hvort alþjóðleg þróun á öðrum vettvangi muni ekki hafa sambærileg áhrif hvort sem yrði að aðild að ESB eða ekki. Á vettvangi WTO er stöðugt unnið að auknu frelsi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir og mun sú þróun ekki fara fram hjá Íslandi. Raunar hafa talsmenn bænda haldið því fram að vera kunni að betra skjól sé innan ESB en utan í þessu tilliti.

Hvert yrði þjóðhagslegt framlag greinarinnar ef gengið yrði í ESB og Evra tekin upp?


Samtök iðnaðarins telja að auk þess sem rakið er hér að framan hafi aðild að ESB og upptaka evru í för með sér að íslenskt efnahagslíf og þar með íslenskur iðnaður og atvinnulíf búi við nauðsynlegan trúverðugleika. Um leið og ákvörðun um að ganga í ESB liggur fyrir og að samhliða því yrði evra tekin upp myndi hagkerfið hefja aðlögun að þekktu framtíðarfyrirkomulagi. Verðlag, vextir og gengi myndu þegar byrja aðlagast að því sem gengur og gerist innan ESB. Ákvarðanir um fjárfestingar yrðu auðveldari sem og gerð kjarasamninga. Við þær aðstæður myndu starfsskilyrði iðnaðarins batna verulega frá því sem nú er. Það mun sjálfkrafa fela í sér aukna verðmætasköpun og skapa ný og áður ónýtt tækifæri. Engin ástæða er til þess að ætla annað en íslenskur iðnaður geti vaxið og dafnað sem aldrei fyrr. Iðnaðurinn mun því auka hlut sinn í þjóðarframleiðslunni og tekjuöflun með auknum útfliutningi. Ómögulegt er að leggja mat á hver þessi aukning gæti orðið en allar rannsóknir benda til að umfang utanríkisviðskipta aukist afar mikið við aðild að myntbandalagi.

Íslenska krónan hefur verið mikill örlagavaldur í íslenskum iðnaði. Þegar gengi krónunnar hefur verið haldið sterku með ógnarháum vöxtum hefur útfliutnings- og samkeppnisiðnaður átt afar erfitt uppdráttar. Á sama tíma hafa hvers kyns framkvæmdir verið í miklum blóma og byggingariðnaður blómstrað. Sviptingar í gengi krónunnar geta fyrirvaralaust breytt ástandinu eins og raun ber vitni. Fyrir vikið hefur öll áætlanagerð reynst erfið og stjórnendur

átt erfitt með framtíðarstefnumótun. Afleiðingin hefur verið sú að mörg fremstu iðnfyrirtæki landsins hafa tekið út vöxt sinn erlendis þar sem stöðugleiki ríkir. Að mati Samtaka iðnaðarins er stærsti kosturinn við að skipta út krónu fólgin í þeim stöðugleika sem aðild að stærra myntkerfi felur í sér.

Samtök iðnaðarins gáfu út og kynntu svokallaðar hátækniskýrslur á Iðnþingi 2005. Þar var gerð úttekt á þróun hátækni iðnaðar á Íslandi m.a. í samanburði við aðrar greinar innan lands og eins sambærilega uppbyggingu í öðrum löndum. Þá var brugðið upp framtíðarsýn og spá um væntanlega þróun í helstu greinum iðnaðar að gefnum tilteknum skilyrðum um hagstæð starfsskilyrði og stuðning við nýsköpun og þróunarstarf í fyrirtækjum. Í spánni sem náði yfir tímabilið 2005-2010 kom fram að hlutur iðnaðarins í heildarverðmætasköpun gæti aukist úr 23,5% árið 2004 í 26% 2010. Þar af væri hlutur hátæknivara og þjónustu tæpur þriðjungur. Á mælikvarða gjaldeyrstekna var vöxtur iðnaðar samkvæmt spánni enn stærri eða úr 22% af heildargjaldeyrstekjum árið 2004 í 40% árið 2010. Hlutur hátæknivöru og þjónustu væri rúmlega þriðjungur þar af eða um 14% af heildargjaldeyrstekjum. Á sama tíma væri hlutur sjávarútvegs í heildargjaldeyrstekjum að breytast frá 33% árið 2004 í 25% árið 2010 og hlutur stóriðju úr 12% árið 2004 í 23% árið 2010.

(sjá: <http://www.si.is/starfsgreinahopar/upplýsingataekni/frettir-og-greinar/nr/1936>)



Framangreindar spár hafa að mestu gengið eftir nema að hlutur þáttatekna m.a. af fjármálaþjónustu jókst framan af tímabilinu mun meira en almennar spár gerðu ráð fyrir og skekktu myndina nokkuð. Hitt sem ekki gekk eftir í framangreindri spá var að starfsskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina voru spátímabilinu verið mjög erfið, sérstaklega varðandi gengi krónunnar, vinnuafli og áhættufjármögnun. Þetta hefur m.a. leitt til þess að stærri fyrirtæki í útflutningsiðnaði hafa fyrst og fremst tekið vöxt sinn erlendis og vöxturinn hér heima verið mun hægari bæði hjá stærri og minni fyrirtækjunum. Með bættum starfsskilyrðum byggðum á stöðugleika, traustum gjaldmiðli og áherslu á nýsköpunarstarf fyrirtækjum mætti hins vegar snúa þessari þróun í stórsókn á stuttum tíma og þannig leggja grunn að endurreisn Íslands eftir hrun fjármálakerfisins. Miklar væntingar eru bundnar við samstarf fjögurra ráðuneyta, SI og samtaka tæknifyrirtækja um svonefndan Hátækni- og sprotavettvang (sjá: <http://www.si.is/starfsgreinahopar/sprotafyrirtaeki/frettir-og-greinar/nr/3398>) sem nýlega var undirritað með það að markmiði að vinna að vegvísi til framtíðar um eflingu og uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi. Lykilforsendur í þeirri uppbyggingu eru, auk aðildar að ESB og upptaka evru, að treysta stoðir nýsköpunar í fyrirtækjum og virkja mannauðinn.

Búast má við að erlendir fjárfestar yrðu í auknum mæli reiðubúnir að leggja fé í iðnfyrirtæki á Íslandi. Það er alkunn staðreynd að erlend fjárfesting er hér sáralítill nema í stóriðju. Ein heista orsök þess er sú að erlendir fjárfestar skilja ekki íslensku krónuna og sveiflur í gengi hennar. Verði gengið í ESB og tekin upp evra eiga erlendir fjárfestar auðveldara með að meta fjárfestingarkosti út frá eigin verðleikum í samanburði við aðra. Þeir þurfa þá ekki lengur að taka með í reikninginn áhættuþætti s.s. gengi krónunnar, íslenska vexti, íslenska verðbólgu eða reyna að skilja hvað felst í EES-samningnum, sem fæstir þekkja.

Um langt árabíl hefur iðnaðurinn staðið undir um fjórðungi verðmætasköpunar í landinu og veitt um fimmtungi vinnufærra manna atvinnu. Iðnaðurinn samanstendur af mörgum ólíkum greinum sem hafa á köflum ólíka hagsmuni. Styrkleiki gengisins kemur þannig niður með ólíkum hætti á einstökum greinum. Allar greinar skaðast hins vegar af ógnarháum stýrivöxtum og miklum sveiflum í gengi krónunnar. Verði þeirri samkeppnishindrun, sem íslenska krónan er, rutt úr vegi má leiða að því sterkar líkur að losna muni enn frekar um sköpunarkraft atvinnulífsins. Það er óhrekjanleg staðreynd að afnám viðskiptahindrana mun auka viðskipti og framleiðslu. Birtingarmynd þeirrar vantrúar sem ríkir gagnvart Íslandi er veik staða krónunnar. Mikilvægt skref í því að endurreisa trú umheimsins á Íslandi er að yfirgefa þann mikla örloga- og skaðvald sem íslenska krónan hefur reynst vera.

Er raunhæft fyrir atvinnugreinina að setja sér sértæk samningsmarkmið í viðræðum við ESB? Ef svo er hver ættu þau að vera?

Samtök iðnaðarins telja að ekki sé þörf á ákveðnum samningsmarkmiðum er varða iðnaðinn sérstaklega. Eina undantekningin frá þeirri reglu er sú að gæta verður þess að úrvinnsluiðnaður landbúnaðarafurða fái eðlilegan aðlögunartíma að óheftum markaðs- aðgangi frá öðrum aðildarríkjum ESB. Sömuleiðis þarf að tryggja að gætt sé að því að innflutningur afurða þar sem hætta er á dýrasjúkdómum, sem hér þekkjast ekki, fullnægi ströngustu kröfum um eftirlit og prófanir. Um leið þarf að tryggja að úrvinnslufyrirtæki landbúnaðarafurða eigi sem jafnastan aðgang að hráefni til úrvinnslu á við keppinauta sína innan ESB.

Rétt er einnig að huga sérstaklega að því að tryggt verði að við getum nýtt endurnýjanlegar vatns- og jarðhitaauðlindir okkar til orkuframleiðslu og iðnaðarferla. Í fljótu bragði virðist ekkert í reglum ESB hindra þetta, raunar leggur ESB mikla áherslu á að auka hlut hreinna orkugjafa.

Annað sem ástæða er til að taka fram?

Samtök iðnaðarins hafa allt frá stofnun sinni árið 1994 talað fyrir aukinni þátttöku Íslands í samstarfi Evrópuþjóðanna. Fyrirrennarar Samtaka iðnaðarins studdu eindregið aðild Íslands að EFTA og síðar EES-samningnum. Þau spor hafa öll eflit og stælt iðnaðinn um leið og þau hafa leitt til margvíslegra breytinga og ýmsar greinar iðnaðarins ekki staðist framþróunina og aukna samkeppni. Engin ástæða er til annars en að ætla ESB aðild yrði viðlíka framfaraspor.

Langt er síðan Samtök iðnaðarins mörkuðu þá stefnu að rétt væri að Ísland gerðist aðili að ESB og tæki upp evru. Þannig væri hagsmunum iðnaðarins best borgið og um leið heildarhagsmunum þjóðarinnar. Þessi skoðun Samtakanna hefur verið staðföst hvort sem vel eða illa hefur árað í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt.

Samtök iðnaðarins hafa alla tíð varað við því að líta svo á að aðild að ESB og upptaka evru feli í sér skyndi- eða fullnaðarlausn á öllu því sem miður hefur farið í atvinnulífinu eða stjórn efnahagsmála. Þau hafa hins vegar bent á að með aðild að ESB og evru skapist sú umgjörð

sem gefur okkur best tækifæri til þess að ná þeim árangri sem er nauðsynlegur til þess að tryggja þá hagsæld sem við viljum búa íslensku þjóðinni. Það krefst hins vegar styrkrar stjórnar og aga. Til þess að svo verði þurfum við aðhald sem felst í því að skuldbinda okkur til þess að stýra okkar málum í samræmi við Maastricht-skilyrðin og gangast undir það aðhald sem í þeim felst.

Samtök iðnaðarins telja að aðild að ESB og upptaka evru muni alls ekki draga úr fullveldi eða sjálfstæði Íslands. Þvert á móti munum við með aðild geta haft meiri áhrif á skipulag atvinnulífsins og iðnaðarins með því sitja við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar. Í dag tökum við þegjandi og hljóðalaust upp reglugerðaverk ESB án þess að fá að hafa nein áhrif á það eða njóta þeirra kosta sem aðild að myntbandalagi hefur í för með sér. Aðild mun því frekar styrkja fullveldi okkar og áhrif á eigin framtíð en hitt.

Þau rök heyrast oft að stærsti gallinn við að taka upp aðra mynt felist í því hafa ekki sjálfstæði í peningamálum og að gengi gjaldmiðilsins geti ekki styrkst eða veikst eftir því sem efnahagslegar forsendur gefa tilefni til. Þessi rök standast ekki enda ljóst að peningastefnan lagði sitt af mörkum við að koma íslenska hagkerfinu í þá stöðu sem nú er komin upp. Okkar sjálfstæða peningastefna er ekki sjálfstæðari en svo að við höfum enga stjórn haft að gjaldmiðlum og fyrir vikið býr íslenskt atvinnulíf við ónothæfa mynt og ofurvexti og hefur gert um árabíl.

Við ákvörðun um aðild að ESB og upptöku evru verður að fara fram heildstætt mat og vega saman ólíka hagsmuni. Hið kalda hagsmunamat verður að vera raunsætt og má ekki draga taum sérhagsmuna eða markast af kreddum eða þar sem form er tekið fram yfir efnislega þætti. Samtök iðnaðarins eru sannfærð um að sé þessa gætt verði niðurstaðan augljós bæði fyrir atvinnulífið í landinu í heild, heimilin í landinu og þar með þjóðarbúskapinn.

Evrópunefnd Sjálfstæðisflokksins
- Málefnaþing um atvinnuvegi –
Samtök iðnaðarins (Samtök sprotafyrirtækja)

Verkefnið

Eftir umræður vinnuhópa á vegum málefnaþingsins um atvinnuvegi var ákveðið að leita eftir svörum við frekari spurningum frá hagsmunaaðilum atvinnuveganna.

Mikilvægt er að fá fram skýra afstöðu hagsmunaaðila atvinnuveganna varðandi aðra möguleika en Evruna og ESB aðild. Vinsamlegast tilgreindu hvern af eftirtöldum kostum þú telur helst koma til greina sem grunn að framtíðastefnu Íslands í peningamálum.

Valkostir í núverandi stöðu

Tilgreinið einn valkost

1. Aðild að ESB og upptaka Evru í kjölfarið
2. Einhliða upptaka Evru
3. Einhliða upptaka annars gjaldmiðils en Evru:
 - a. US\$
 - b. GBP
 - c. Svissneskur franki
 - d. NOK
 - e. JPY
 - f. Aðrir kostir?
4. Myntráð
5. Upptaka annars gjaldmiðils í samstarfi við önnur þjóðríki/seðlabanka.
6. Halda íslensku krónunni
 - a. Flot
 - b. Fastgengi
7. Önnur leið – hver?

Kostur nr. 1.

Teljið þið að framtíðarhorfur ESB og framtíðarsýn ykkar greinar samræmist til lengri tíma litið? Vinsamlegast tilgreinið helstu þætti.

Evrópusambandið er samfélag fullvalda ríkja sem eru sífellt að skoða og endurmeta samstarf sitt á grundvelli sameiginlegra hagsmuna sinna. Ekkert bendir til þess að ESB sé að þróast með þeim hætti að samræmist ekki hagsmunum iðnaðarins. Eitt af kjarnaviðfangsefnum ESB er að ýta undir samkeppnishæfni atvinnulífs aðildarríkjanna.

Teljið þið að innleiðing Lissabon samkomulagsins muni hafa jákvæða áhrif eða neikvæða áhrif á grein ykkar til lengri tíma litið?

Ekki verður séð að Lissabon-samkomulagið muni hafa afgerandi áhrif á iðnaðinn. Ætla má að þau verði þó frekar jákvæð en neikvæð þar sem verið er að auka skilvirkni, efla lýðræði og skilgreina betur valdsvið og valdaskil stofnana ESB og aðildarríkjanna.